

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 27. ágúst 2019 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga, vegna lóða við Fagralund og Akralund. Breyting á lóðum við Fagralund felst m.a. í að lóðamörkum er breytt og ákvæðum um húsagerð. Bindandi byggingarlinur eru felldar út og húsnúmer breytast. Breyting á lóðum við Akralund felst m.a. í að lóðamörkum er breytt og ákvæðum um húsagerð og húsnúmer breytast.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 19. september 2019.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2019